

Aðalfundur Festi hf. 2025

Stjórn Festi hf. boðar til aðalfundar sem haldinn verður miðvikudaginn 5. mars 2025 klukkan 10:00 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

Drög að dagskrá fundarins eru eftirfarandi

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Skýrsla forstjóra og ársreikningur kynntur.
3. Ársreikningur og samstæðureikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar.
4. Ákvörðun tekin um hvernig fara skuli með hagnað félagsins og greiðslu arðs vegna rekstrarársins 2024.
5. Tilnefningarnefnd kynnir skýrslu sína og tillögur.
 - a. Tilnefningarnefnd gerir grein fyrir skýrslu sinni.
 - b. Tillögur tilnefningarnefndar um breytingar á starfsreglum nefndarinnar.
6. Stjórnarkjör.
7. Tillaga stjórnar um staðfestingu á skipun nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
8. Tillaga stjórnar um tilnefningu utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd.
9. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfirma.
10. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.
11. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
12. Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins.

Tillögur lúta að breytingu á 9. mgr. 17. gr. og nýrri 10. mgr. 17. gr. samþykkt félagsins – Tillögur auk greinargerða með þeim eru birtar samhliða fundarboði á Nasdaq Iceland og á vefsíðu félagsins: <https://www.festi.is/vidburdir/adalfundur-festi-2025>
13. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins.

Ef tillagan er samþykkt felur hún það í sér að stjórn félagsins verði veitt áframhaldandi heimild til að kaupa allt að 10% af eigin hlutum í þeim tilgangi að setja upp endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin hlutum. Heimildin mun gilda fram að aðalfundi félagsins 2026. Mælt verður fyrir um heimildina í sérstökum viðauka við samþykktir félagsins. - Tillaga þar að lútandi er birt samhliða fundarboði á Nasdaq Iceland og á vefsíðu félagsins: <https://www.festi.is/vidburdir/adalfundur-festi-2025>.
14. Önnur mál löglega borin upp.

Aðrar upplýsingar

Á hluthafafundi fylgir eitt atkvæði hverri krónu nafnverðs hlutafjár en hlutafé Festi hf. er að nafnverði kr. 311.500.000. Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Á hluthafafundum ræður afl atkvæða úrslitum allra venjulegra mála, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum félagsins eða lögum.

Öllum hluthöfum er heimilt að sækja aðalfundinn, taka þar til máls og neyta atkvæðisréttar síns. Aðilar sem eru skráðir hluthafar í hlutaskrá samkvæmt hluthafakerfi félagsins þegar aðalfundurinn fer fram geta beitt réttindum sínum á fundinum. Hlutaskrá miðar við uppgjör viðskipta hjá Nasdaq CSD verðbréfamiðstöð þann 4. mars 2025. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja aðalfundinn og fara þar með atkvæðisrétt fyrir sína hönd. Skriflegum umboðum skal skila við skráningu á fundinn. Umboðseyðublað er að finna á heimasíðu félagsins, <https://www.festi.is/vidburdir/adalfundur-festi-2025>. Hluthöfum er einnig heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, en slíkur ráðgjafi hefur hvorki tillögurétt né atkvæðisrétt á fundinum. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd.

Þeir hluthafar sem óska eftir því að fá tiltekið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum skulu senda kröfu um slíkt á netfangið fjarfestatengsl@festi.is í síðasta lagi tíu dögum fyrir fundinn, þ.e. í síðasta lagi fyrir kl. 10:00, sunnudaginn 23. febrúar 2025. Hafi hluthafi krafist þess að fá mál tekið til meðferðar á fundinum eða lagt fram ályktunartillögu fyrir þann tíma verður endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vef félagsins og tilkynning birt á Nasdaq Iceland eigi síðar en viku fyrir fundinn. Hluthafar geta einnig lagt fram spurningar er varða auglýsta dagskrárliði á aðalfundinum sjálfum. Mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti tíu sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, þ.e. sunnudaginn 23. febrúar 2025 kl. 10:00. Þeir einir eru kjörgengir á aðalfund sem þannig gefa kost á sér. Framboðseyðublað er hægt að nálgast á vefsíðu félagsins, <https://www.festi.is/vidburdir/adalfundur-festi-2025>. Framboðstilkynningum skal skilað á netfangið fjarfestatengsl@festi.is eða á skrifstofu félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Upplýsingar um alla frambjóðendur verða birtar á vefsvæðinu <https://www.festi.is/vidburdir/adalfundur-festi-2025> eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. starfsreglna tilnefningarnefndar hafa hluthafar tillögurétt að skipan nefndarmanna og skulu slíkar tillögur sendar skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti tíu sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Séu tilnefndir fleiri en þrír einstaklingar til setu í tilnefningarnefnd skal fara fram kosning á aðalfundi.

Hluthafar geta óskað eftir því að fá að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflega. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist á skrifstofu félagsins eða á tölvupóstfangið fjarfestatengsl@festi.is fyrir kl. 10:00 föstudaginn 28. febrúar 2025.

Dagskrá, tillögur til aðalfundar, árs- og samstæðureikningur fyrir árið 2024, skýrslur starfskjaranefndar og tilnefningarnefndar, starfskjarastefna og önnur skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn er að finna á vefsíðu félagsins, <https://www.festi.is/vidburdir/adalfundur-festi-2025>, jafnframt því sem þau eru aðgengileg hluthöfum til sýnis í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10 – 14 í Kópavogi.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á aðalfundinn á fundarstað frá kl. 09:00 á fundardegi. Jafnframt er tekið við forskráningu hluthafa/umboðsmanna á netfangið fjarfestatengsl@festi.is til kl. 08:00 á fundardegi. Í tilviki forskráningar er óskað eftir að nafn og kennitala hluthafa sé sérstaklega tilgreind og að útfyllt umboðseyðublað, ef við á, fylgi við skráningu.

Hluthafafundur er lögmætur án tillits til fundarsóknar ef réttilega er til hans boðað. Aðalfundurinn og fundargögn verða á íslensku.

Kópavogi, 10. febrúar 2025.

Stjórn Festi hf.